

## AUGLÝSING

### um skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.

#### 1. gr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heldur opinbera skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu hér á landi, að fenginni tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar sem falið er að stuðla að samræmdri framkvæmd laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Skráin skal uppfærð eftir því sem tilefni er til og á a.m.k. tveggja ára fresti.

Eftirlitsstjórnvöld, hvert á sínu sviði, ákveða hvaða aðilar teljast til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á grundvelli laga nr. 78/2019 og II. kafla reglugerðar nr. 866/2020, um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.

Til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu teljast eftirtaldir:

1. 1984 ehf. vegna þjónustu skv. 2. tölul. b-liðar 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
2. Advania Ísland ehf. vegna þjónustu skv. 1. og 2. tölul. b-liðar 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
3. Arion banki hf. vegna þjónustu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
4. Eimskip Ísland ehf. vegna þjónustu skv. f- og g-liðum 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
5. Heilbrigðisstofnun Austurlands vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
6. Heilbrigðisstofnun Norðurlands vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
7. Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
8. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
9. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
10. Heilbrigðisstofnun Vesturlands vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
11. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vegna þjónustu skv. a- og b-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
12. Icelandair ehf. vegna þjónustu skv. c- og d-liðum 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
13. Internet á Íslandi hf. vegna þjónustu skv. c-lið 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
14. Isavia ANS ehf. vegna þjónustu skv. a-lið 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
15. Isavia innanlandsflugvellir ehf. vegna þjónustu skv. b-lið 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
16. Isavia ohf. vegna þjónustu skv. b-lið 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
17. Íslandsbanki hf. vegna þjónustu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
18. Kauphöll Íslands hf. vegna þjónustu skv. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
19. Landsbankinn hf. vegna þjónustu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
20. Landspítali vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
21. Læknavaktin ehf. vegna þjónustu skv. a- og b-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
22. Origo hf. vegna þjónustu skv. 1. tölul. b-liðar 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
23. Premis ehf. vegna þjónustu skv. 2. tölul. b-liðar 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
24. Samskip hf. vegna þjónustu skv. f- og g-liðum 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
25. Sjúkrahúsið á Akureyri vegna þjónustu skv. a-, b- og c-liðum 7. gr. reglugerðar nr. 866/2020,
26. TACTICA ehf. vegna þjónustu skv. 2. tölul. b-liðar 10. gr. reglugerðar nr. 866/2020 og
27. Vegagerðin vegna þjónustu skv. e-, h- og i-liðum 6. gr. reglugerðar nr. 866/2020.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. janúar 2021.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2021